

Danska 9.bekk 2022-2023

Kennarar: Ólafur Atli Sindrason

Lýsing

Námsmarkmið í 9.bekk

Kennsluáðferðir og fyrirkomulag

Dönskukennsla 9.bekkjar skiptist í fjögur meginþemu: Lestur, ritun, talað mál og hlusun. Reynt er jöfnum höndum að fara yfir þessa þætti og til þess notaðar margskonar aðferðir, æfingar og leikir. Auk þessa er lestrarbók og vinnubók - sbr. hér að neðan. Þónokkuð er lagt uppúr því að nemendur kynnist danskri menningu iog hefðum gegnum kvikmyndir og danska þætti.

Smil: Nýtt námsefni í dönsku fyrir unglíngastig. Samlestur og verkefni unnin sjálfstætt og sameiginlega. Mikið lagt upp úr sjálfstæði í vinnubrögðum og skapandi hugsun.

Grammatik: Ljósrituð verkefni í málfræði. Æfingar sem styrkja orðaforða og málvitund nemenda.

Kvikmyndir: Ýmsar kvikmyndir sýndar til að auka áhuga nemenda á danskri menningu; auka orðaforða og skilning á "venjulegu" töluðu máli. Ýmist verkefnalaust áhorf eða áhorf með verkefnum.

Námsaðlögun

Ef sýnt er að nemendur ráði ekki við það efni sem sett er fram hverju sinni er efnið einfaldað. Efnið er þýtt og verkefniin útskýrð. Nemendur hafa aðgang að stuðningsfulltrúa í kennslustundum þurfi þeir þess við.

Námsmat

Námsmat er margþætt og byggist á nokkrum þáttum.

Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

Einkunnaskali sem notaður er til að meta viðmið úr námskrám er eftirfarandi:

* Framúrskarandi

✓ Hæfni náð

◇ Á góðri leið

○ Þarfnast þjálfunar

X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

A = Framúrskarandi

B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða

B = Góð hæfni og frammistaða

C+ = Á góðri leið

C = Sæmileg hæfni og frammistaða

D = Hæfni og frammistöðu ábótavant

VS Danska 9.bekkur 2021-2022 - Hlustun

- Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti.
- Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.

VS Danska 9.bekkur 2021-2022 - Lesskilningur

- Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra.
- Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.

VS Danska 9.bekkur 2021-2022 - Samskipti

- Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.

VS Danska 9.bekkur 2021-2022 - Frásögn

- Sagt hnökralítið, með nokkuð réttum framburði, frá efni sem hann þekkir.
- Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

VS Danska 9.bekkur 2021-2022 - Ritun

- Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynnda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda.

VS Danska 9.bekkur 2021-2022 - Menningarläsi

- Sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.

VS Danska 9.bekkur 2021-2022 - Náms hæfni

- Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.
- Beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara.
- Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.